# Föstudagur 31. mars



## SJÓNVARPIÐ

18.00 **Gosi (14)** (Pinocchio). Teiknimyndaflokkur um ævintýri Gosa. Leikraddir Örn Árnason.
18.25 **Kátir krakkar (6)** (The Vid Kids). Kanadískur myndaflokkur í þrettán þáttum. Þýðandi Reynir Harðarson.
18.50 **Táknmálsfréttir.**
18.55 **Austurbæingar** (Eastenders). Breskur myndaflokkur í léttum dúr. Þýðandi Kristmann Eiðsson.
19.25 **Leðurblökumaðurinn** (Batman). Bandarískur framhaldsmyndaflokkur. Þýðandi Trausti Júlíusson.
19.54 **Ævintýri Tinna.**
20.00 **Fréttir og veður.**
20.35 **Barnamál.** Í þessum þætti verður fjallað um nýliðna barna- og unglingaviku. Umsjón Sjón.
21.05 **Þingsjá.** Umsjón Ingimar Ingimarsson.
21.30 **Derrick.** Þýskur sakamálaflokkur með Derrick lögregluforingja sem Horst Tappert leikur.
22.30 **Týnda flugvélin.** (The Riddle of the Stinson). Áströlsk kvikmynd frá 1987. Leikstjóri Chris Noonan. Aðalhlutverk Jack Thompson, Helen O'Connor, Norman Kaye og Richard Roxburgh. Þann 19. febrúar árið 1937 lagði þriggja hreyfla flugvél af Stinson gerð í sína hinstu flugferð. Hún hvarf á leið sinni til Sydney í Ástralíu og hófst strax víðtæk leit sem stóð yfir í sex daga. Ekki fannst tangur né tetur af flugvélinni og voru þeir sem í henni voru, tveir flugmenn og fimm farþegar, taldir af. Einn maður, Bernard O'Reilly, neitaði að gefast upp og var sannfærður að hann gæti fundið flugvélarflakið svo hann lagði einn síns liðs út í auðnir Ástralíu til leitar. Myndin er byggð á sannsögulegum atburðum. Þýðandi Gunnar Þorsteinsson.
00.20 **Útvarpsfréttir í dagskrárlok.**



## STÖÐ 2

15.45 **Santa Barbara.**
16.30 **Í blíðu og stríðu.** Made for Each Other. Myndin fjallar um tvo einstaklinga, karl og konu, sem hittast á námskeiði fyrir fólk sem þjáist af minnimáttarkennd. Þau verða ástfangin og lýsir myndin tilhugalífi þeirra sem var uppfullt af skemmtilegum uppákomum. Aðalhlutverk: Renee Taylor, Joseph Bologna, Paul Sorvino og Olympia Dukakis.
18.25 **Pepsí popp.** Íslenskur tónlistarþáttur þar sem sýnd verða nýjustu myndböndin, fluttar ferskar fréttir úr tónlistarheiminum, viðtöl, getraunir, leikir og alls kyns uppákomur.
19.19 **19:19.** Frétta- og fréttaskýringaþáttur ásamt umfjöllun um þau málefni sem ofarlega eru á baugi.
20.30 **Klassapíur.** Golden Girls. Gamanmyndaflokkur um hressar miðaldra konur sem búa saman á Flórída.
21.05 **Chara.** Spennumyndaflokkur um litla, snarpa lögregluþjóninn og sérkennilegar starfsaðferðir hans. Aðalhlutverk: Pat Morita.
21.50 **Útlagablús.** Outlaw Blues. Tugthúslimurinn Bobby ver tíma sínum innan fangelsismúranna við að læra að spila á gítar og semja sveitatónlist. Einn helsti snillingur sveitatónlistarinnar, Dupree, sækir fangelsið heim og verður við bón Bobbys að hlusta á nokkur laga hans. Skömmu áður en Bobby hefur afplánað dóminn til fullnustu kemst hann að því að Dupree hefur slegið í gegn með lagi sem hann hafði samið en Dupree kynnti það sem sitt. Aðalhlutverk: Peter Fonda, Susan Saint James, John Crawford og James Callahan. Leikstjóri: Richard T. Heffron.
23.30 **Hvatvísi.** Impulse. Myndin fjallar um lítið bæjarsamfélag þar sem allir lifa í sátt og samlyndi. En ógnvænlegur atburður gerir það að verkum að þetta samheldna fólk snýst hvert á móti öðru og reiði og illska ræður ríkjum. Þetta finnur Jennifer glöggt, ung stúlka sem snýr heim eftir langa fjarveru. Hvað hefur komið fyrir? Aðalhlutverk: Tim Matheson, Meg Tilly og Hume Cronyn.
1.00 **Anastasia.** Ingrid Bergman og Yul Brynner fara með aðalhlutverkin í þessari víðfrægu mynd þar sem rakin er saga Anastasíu sem talin var vera eftirlifandi dóttir Rússlandskeisara. Leikstjóri: Anatole Litvak.
2.55 **Dagskrárlok.**



## Rás I
FM 92,4/93,5

6.45 **Veðurfregnir.** Bæn, séra Yrsa Þórðardóttir flytur.
7.00 **Fréttir.**
7.03 **Í morgunsárið með Ingveldi Ólafsdóttur.** Fréttayfirlit kl. 7.30 og 8.30, fréttir kl. 8.00 og veðurfregnir kl. 8.15. Lesið úr forustugreinum dagblaðanna að loknu fréttayfirliti kl. 8.30. Tilkynningar laust fyrir kl. 7.30, 8.00, 8.30 og 9.00.
9.00 **Fréttir.**
9.03 **Litli barnatíminn** – „Agnarögn" eftir Pál H. Jónsson. Heimir Pálsson, Hildur Heimisdóttir og höfundur lesa (5.) (Einnig útvarpað um kvöldið kl. 20.00.)
9.20 **Morgunleikfimi.** Umsjón: Halldóra Björnsdóttir.
9.30 **Kviksjá** – Hvað hafði Platón eiginlega á móti skáldskap? Umsjón: Emil Kjalar Emilsson, heimspekingur. (Endurtekinn þáttur frá þriðjudagskvöldi.)
10.00 **Fréttir.** Tilkynningar.
10.10 **Veðurfregnir.**
10.30 **Maðurinn á bak við borgarfulltrúann.** Umsjón: Jóhann Hauksson.
11.00 **Fréttir.**
11.03 **Samhljómur.** Heimsókn í Konserthúsið í Gautaborg. Umsjón: Anna Ingólfsdóttir.
11.53 **Dagskrá.**
12.00 **Fréttayfirlit.** Tilkynningar.
12.20 **Hádegisfréttir.**
12.45 **Veðurfregnir.** Tilkynningar.
13.05 **Í dagsins önn** – Börn og tungumálanám. Umsjón: Ásgeir Friðgeirsson. (Einnig útvarpað nk. miðvikudagskvöld kl. 21.30.)
13.35 **Miðdegissagan:** „Í sálarháska", ævisaga Árna prófasts Þórarinssonar. Skráð af Þórbergi Þórðarsyni. Pétur Pétursson les (22.)
14.00 **Fréttir.** Tilkynningar.
14.05 **Ljúflingslög.** Svanhildur Jakobsdóttir kynnir. (Einnig útvarpað aðfaranótt miðvikudags að loknum fréttum kl. 2.00.)
15.00 **Fréttir.**
15.03 **Samantekt um ástand og horfur í íslenskum skipasmíðaiðnaði.** Umsjón: Páll Heiðar Jónsson. (Endurtekinn þáttur frá miðvikudagskvöldi.)
16.00 **Fréttir.**
16.03 **Dagbókin. Dagskrá.**
16.15 **Veðurfregnir.**
16.20 **Barnaútvarpið** – Símatími. Umsjón: Kristín Helgadóttir.
17.00 **Fréttir.**
17.03 **Tónlist eftir Wolfgang Amadeus Mozart.**
18.00 **Fréttir.**
18.03 **Þingmál.** Umsjón: Arnar Páll Hauksson. (Einnig útvarpað næsta morgun kl. 9.45.) Tónlist. Tilkynningar.
18.45 **Veðurfregnir.**
19.00 **Kvöldfréttir.**
19.30 **Tilkynningar.**
19.33 **Kviksjá.** Umsjón: Friðrik Rafnsson og Halldóra Friðjónsdóttir.
20.00 **Litli barnatíminn** – „Agnarögn" eftir Pál H. Jónsson. Heimir Pálsson, Hildur Heimisdóttir og höfundur lesa (5.) (Endurtekinn frá morgni.)
20.15 **Blásaratónlist.**
21.00 **Kvöldvaka.** a. Um nafngiftir Ísfirðinga 1703–1845. Gísli Jónsson flytur fyrra erindi sitt. c. Sunnukórinn á Ísafirði og Karlakór Ísafjarðar syngja. Söngstjóri er Ragnar H. Ragnar og undirleikari Hjálmar H. Ragnarsson. d. Úr sagnasjóði Árnastofnunar. Hallfreður Örn Eiríksson flytur þáttinn. Umsjón: Gunnar Stefánsson. (Áður útvarpað 3. mars sl.)
22.00 **Fréttir.** Dagskrá morgundagsins. Orð kvöldsins.
22.15 **Veðurfregnir.**
22.30 **Danslög.**
23.00 **Í kvöldkyrru.** Þáttur í umsjá Jónasar Jónassonar.
24.00 **Fréttir.**
00.10 **Samhljómur** – Tónlistarmaður vikunnar, Rut Ingólfsdóttir. Umsjón: Leifur Þórarinsson. (Endurtekinn frá fimmtudagsmorgni.)
01.00 **Veðurfregnir.** Næturútvarp á samtengdum rásum til morguns.

## RÁS 2 FM 90,1

01.10 **Vökulögin.**
7.03 **Morgunútvarpið.** Leifur Hauksson og Jón Ársæll Þórðarson hefja daginn með hlustendum. Jón Örn Marinósson segir Ódáinsvallasögur kl. 7.45. Fréttir kl. 8.00, veðurfregnir kl. 8.15 og leiðarar dagblaðanna kl. 8.30.
9.03 **Stúlkan sem bræðir íshjörtun,** Eva Ásrún kl. 9. Morgunsyrpa Evu Ásrúnar Albertsdóttur. Afmæliskveðjur kl. 10.30.
11.03 **Stefnumót.** Jóhanna Harðardóttir tekur fyrir það sem neytendur varðar.
12.00 **Fréttayfirlit.** Auglýsingar.
12.15 **Heimsblöðin.**
12.20 **Hádegisfréttir.**
12.45 **Umhverfis landið á áttatíu.** Gestur Einar Jónasson leikur þrautreynda gullaldartónlist.
14.05 **Milli mála,** Óskar Páll á útkíkki. og leikur ný og fín lög. - Útkíkkið upp úr kl. 14 og Arthúr Björgvin Bollason talar frá Bæheimi.
16.03 **Dagskrá.** Dægurmálaútvarp fyrir þá sem vilja vita og vera með. Stefán Jón Hafstein, Ævar Kjartansson og Sigríður Einarsdóttir. - Kaffispjall og innlit upp úr kl. 16.00, hlustendaþjónustan kl. 16.45. - Illugi Jökulsson spjallar við bændur á sjötta tímanum. - Stórmál dagsins milli kl. 17 og 18.
18.03 **Þjóðarsálin.** Þjóðfundur í beinni útsendingu. Málin eins og þau horfa við landslýð. - Hugmyndir um helgarmatinn og Ódáinsvallasögur eftir kl. 18.30.
19.00 **Kvöldfréttir.**
19.33 **Áfram Ísland.** Dægurlög með íslenskum flytjendum.
20.30 **Vinsældalisti Rásar 2.** Áslaug Dóra Eyjólfsdóttir kynnir tíu vinsælustu lögin. (Einnig útvarpað á sunnudag kl. 15.00.)
21.30 **FRÆÐSLUVARP:** Lærum þýsku. Þýskukennsla fyrir byrjendur á vegum Fjarkennslunefndar og Bréfaskólans. (Endurtekinn þáttur frá 20. mars sl.)
22.07 **Snúningur.** Áslaug Dóra Eyjólfsdóttir ber kveðjur milli hlustenda og leikur óskalög.
02.05 **Rokk og nýbylgja.** Skúli Helgason kynnir. (Endurtekinn þáttur frá mánudagskvöldi.)
03.00 **Vökulögin.** Tónlist af ýmsu tagi í næturútvarpi til morguns. Fréttir kl. 4.00 og sagðar fréttir af veðri, færð og flugsamgöngum kl. 5.00 og 6.00. Veðurfregnir frá Veðurstofu kl. 4.30. Fréttir kl. 2.00, 4.00, 7.00, 7.30, 8.00, 8.30, 9.00, 10.00, 11.00, 12.00, 12.20, 14.00, 15.00, 16.00, 17.00, 18.00, 19.00, 22.00 og 24.00.
8.07 – 8.30 **Svæðisútvarp Norðurlands.**
18.03 – 19.00 **Svæðisútvarp Norðurlands.**
18.03 – 19.00 **Svæðisútvarp Austurlands.**

## fm 98·9 BYLGJAN

7.30 **Páll Þorsteinsson.** Tónlist sem gott er að byrja daginn með, fregnir af veðri og færð. Fréttir kl. 8. Potturinn kl. 9.
10.00 **Valdís Gunnarsdóttir.** Föstudagstónlist. Fréttir kl. 10, 12 og 13. Potturinn kl. 11. Bibba kemur með Halldór milli kl. 11 og 12.
14.00 **Þorsteinn Ásgeirsson.** Föstudagsskapið allsráðandi á Bylgjunni, óskalagasíminn er 61 11 11. Fréttir kl. 14 og 16. Potturinn kl. 15 og 17. Bibba og Halldór á sínum stað.
18.00 **Fréttir.**
19.00 **Freymóður T. Sigurðsson.**
20.00 **Íslenski listinn.** Ólöf Marín kynnir 40 vinsælustu lög vikunnar.
22.00 **Þorsteinn Ásgeirsson á næturvakt.**
2.00 **Næturdagskrá Bylgjunnar.**

## Stjarnan FM 102,2 & 104

7.30 **Jón Axel Ólafsson.** Fréttir kl. 8.00 og fréttayfirlit kl. 8.45.
10.00 **Helgi Rúnar Óskarsson.**
14.00 **Gísli Kristjánsson.**
18.00 **Af líkama og sál.** Bjarni Dagur Jónsson. Fyrirspurnir í síma 681900.
19.00 **Sigurður Helgi Hlöðversson.** Óskalagasíminn er 681900.
23.00 **Darri Ólason** á næturvakt. Kveðjur og óskalög í síma 681900.
4.00 **Næturstjörnur.** Ókynnt tónlist úr ýmsum áttum til morguns.
**Fréttir á Stjörnunni kl. 8.00, 10.00, 12.00, 14.00 og 18.00. Fréttayfirlit kl. 8.45.**

## Hljóðbylgjan
**Reykjavík FM 95,7**
**Akureyri FM 101,8**

7.00 **Réttum megin fram úr.** Ómar Pétursson spjallar við hlustendur í morgunsárið, kemur með fréttir sem koma að gagni og spilar góða tónlist.
9.00 **Morgungull.** Hafdís Eygló Jónsdóttir á seinni hluta morgunvaktar, spilar tónlist við allra hæfi og segir frá ýmsum merkilegum hlutum. Afmæliskveðju- og óskalagasímarnir eru 27711 fyrir Norðlendinga og 625511 fyrir Sunnlendinga.
12.00 **Ókynnt hádegistónlist.**
13.00 **Perlur og pastaréttir.** Snorri Sturluson sér um tónlistina þína og lítur m.a. í dagbók og slúðurblöð. Símanúmerin fyrir óskalög og afmæliskveðjur eru 27711 fyrir Norðlendinga og 625511 fyrir Sunnlendinga.
17.00 **Síðdegi í lagi.** Þáttur fullur af fróðleik og tónlist í umsjá Þráins Brjánssonar. Meðal efnis er Belgurinn, upplýsingapakki og það sem fréttnæmast þykir hverju sinni.
19.00 **Ókynnt kvöldmatartónlist.**
20.00 **Jóhann Jóhannsson** í sínu sérstaka föstudagsskapi. Jóhann spilar föstudagstónlist eins og hún gerist best.
24.00 **Næturvakt Hljóðbylgjunnar.** Þær gerast ekki betri.
4.00 **Ókynnt tónlist til morguns.**

## ALFA FM·102,9

10.00 **Morgunstund.** Guðs orð og bæn.
10.30 **Alfa með erindi til þín.** Margvíslegir tónar sem flytja blessunarríkan boðskap.
15.00 **Í miðri viku.** Endurtekið frá miðvikudagskvöldi.
17.00**Orð trúarinnar.** Blandaður þáttur með tónlist, u.þ.b. hálftíma kennslu úr orðinu og e.t.v. spjalli eða viðtölum. Umsjón: Halldór Lárusson og Jón Þór Eyjólfsson. (Endurtekið á mánudagskvöldum.)
19.00 **Alfa með erindi til þín.** Frh.
24.00 **Dagskrárlok.**

## rót ÚTVARP FM 106·8

9.00 **Rótartónar.** Leikin fjölbreytt tónlist fram til hádegis og tekið við óskalögum og kveðjum í síma 623666.
13.00 **Geðsveiflan.** Tónlistarþáttur í umsjá Hilmars V. Guðmundssonar og Alfreðs Jóhannssonar.
15.00 **Á föstudegi.** Grétar Miller leikur fjölbreytta tónlist og fjallar um íþróttir.
17.00 **Í hreinskilni sagt.** Pétur Guðjónsson.
18.00 **Upp og ofan.**
19.00 **Opið.**
20.00 **FES.** Unglingaþáttur í umsjá Gullu.
21.00 **Uppáhaldslögin.** Tónlistarþáttur, opið til umsóknar fyrir hlustendur að fá að annast þáttinn.
23.30 **Rótardraugar.** Lesnar draugasögur fyrir háttinn.
2.00 **Næturvakt** til morguns með Jónu de Groot. Svarað í síma 623666.

## ÚTRÁS FM 104,8

12.00 **IR.**
14.00 **IR.**
16.00 **MH.**
18.00 **FÁ.**
20.00 **MS.**
22.00 **MR.**
24.00 **Næturvakt Útrásar.** Óskalög, kveðjur og góð tónlist. Sími 680288.
04.00 **Dagskrárlok.**

## Útvarp HAFNARFJÖRÐUR FM91.7

18.00–19.00 **Hafnarfjörður í helgarbyrjun.** Leikin létt tónlist og sagt frá menningar- og félagslífi á komandi helgi.
22.00–24.00 **Útvarpsklúbbur Flensborgarskóla** lætur gamminn geisa.



Sveitasöngvari er myrtur í Útlagablús.

### Stöð 2 kl. 21.50:

# Útlagablús

Útlagablús (Outlaw Blues) er tólf ára gömul kvikmynd sem fjallar um Bobby Odgen sem eyðir tíma sínum innan fangelsismúranna við að semja sveitatónlist. Þegar ein af stjörnum sveitatónlistarinnar birtist innan fangelsismúranna sýnir Odgen honum lög sín.

Nokkrum mánuðum seinna, rétt áður en Odgen losnar úr fangelsi, fréttir hann að eitt laga hans, Outlaw Blues, er orðið mjög vinsælt með sveitastjörnunni sem segir lagið vera eftir sig. Odgen sættir sig ekki við það og krefst réttar síns. Stuttu síðar er stjarnan myrt og beinast öll spjót að Odgen ...

Kvikmyndahandbókin telur Útlagablús á köflum hina skemmtilegustu kvikmynd og eru henni gefnar þrjár stjörnur. Aðalhlutverkin eru í höndum Peter Fonda og Susan Saint James.

-HK

### Stöð 2 kl. 23.30:

# Hvatvísi

Hvatvísi er spennumynd er gerist í smásveitaþorpi. Allt í einu taka íbúarnir að breytast á hinn óhugnanlegasta hátt.

Meg Tilly leikur unga stúlku, Jennifer, sem snýr aftur til heimabæjar síns. Hún tekur fljótlega eftir því að íbúarnir virðast tilfinningalausir og ekki sjálfráðir gerða sinna. Þeir myrða börn, ræna banka og gera þarfir sínar hvar sem er. Vinur hennar, sem kemur með henni, er læknir og grunar hann að þetta brjálæði sem gripið hefur íbúana sé ekki af þessum heimi...

Meg Tilly, er leikur aðalhlutverkið, vakti fyrst verulega athygli er hún lék ungu stúlkuna í The Big Chill. Hún hefur einnig getið sér gott orð fyrir leik sinn í Agnes, barn guðs og Psycho II. Auk hennar leika stór hlutverk Tim Matheson og Hume Cronyn. Hvatvísi er ófögur framtíðarsýn og ekki fyrir viðkvæmar taugar.

-HK



Jack Thompson leikur aðalhlutverkið í Týndu flugvélinni.

### Sjónvarp kl. 22.30:

# Týnda flugvélin

Í febrúar 1937 hvarf Stinson flugvél með fimm farþegum og tveimur flugmönnum yfir Ástralíu á leið til Sidney. Geysimikil leit leiddi ekki til neins og fljótlega voru farþegar og áhöfn talin af.

Ruglingslegar upplýsingar og aðrar ástæður gerðu það þó að verkum að alltaf var leitað að vélinni á röngum stað. Staðreyndin var að tveir farþegar voru lifandi og þeirra beið nú ekkert nema dauðinn.

Það var þó einn maður, Bernhard O'Reilly, sem grunaði að leitað hafði verið á röngum stað og eftir nákvæmar rannsóknir hélt hann inn í auðnir Ástralíu á þeim stað er hann hélt af flugvélin hefði hrapað í leit að flakinu.

Týnda flugvélin er ný áströlsk kvikmynd sem segir frá leit O'Reilly að flugvélinni og þeim sem eftir lifðu. Það er einn allra besti leikari Ástrala, Jack Thompson, er leikur O'Reilly.

-HK